

Starfsáætlun skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara kjörtímabilið 2014-2018

Hlutverk skólamálanefndar er að:

- Fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð KÍ.
- Vinna að eflingu kennaramenntunar og símenntunar félagsmanna.
- Annast tengsl við faggreinafélög og skólamálanefndir aðildarfélaga KÍ og skólamálaráð KÍ.

Verkefni skólamálanefndar næstu fjögur ár mótast af lögum, samþykktum og skólastefnu félagsins, innleiðingu framhaldsskólalaga og aðalnámskrár, málefnum símenntunar- og starfsþróunar framhaldsskólakennara, stefnumótun menntamálayfirvalda og samstarfi innan KÍ um skólamál og fleiri verkefnum eftir atvikum.

1. *Samstarf innan KÍ*

- Samstarf við FS um málefni framhaldsskólans.
- Þátttaka í starfi skólamálaráðs KÍ og samstarf við skólamálanefndir aðildarfélaga KÍ
- Greina/pistlaskrif og fréttáflutningur um skólastefnu KÍ.
- Fylgjast með starfi jafnréttisnefndar, siðaráðs, vinnuumhverfisnefndar og fræðslunefndar.

2. *Samstarf við stjórn FF*

- Sameiginlegur fundir stjórnar og skólamálanefndar árlega og þegar þurfa þykir
- Tillögur til stjórnar um viðfangsefni í skólamálum.
- Þátttaka í undirbúningi og framkvæmd funda um skólamál .
- Umsagnir um skólamál.
- Tilnefningar í ýmsar fagnefndir.
- Útfærsla á skólastefnu KÍ fyrir framhaldsskóla í bæklingi í samræmi við samþykkt aðalfundar FF 20.-21. mars 2014
- Vinna að samþykktum aðalfundar FF 2014 um framhaldsskólalög, kennarastarfið, símenntun og rannsóknir, kennaramenntun og framhaldsnám
- Endurskoða árlega efni fyrir nýliða í kennslu í framhaldsskólum og koma því á framfæri við trúnaðarmenn í framhaldsskólum.

3. *Upplýsingamiðlun*

- Miðla upplýsingum um starf skólamálanefndar og innlend og erlend skólamál á vegum FF og KÍ til félagsdeilda og faggreinafélaga.
- Kynna niðurstöður kannana á högum framhaldsskólanemenda og á skólastarfi í framhaldsskólum og miðla upplýsingum um þær.
- Samráð við útgáfustjórn KÍ um efni á vef FF um skólamál, símenntun og starfsþróun.

4. *Samstarf við faggreinafélög*

- Kynning á störfum skólamálanefndar og á skólamálastarfi FF og KÍ
- Faggreinafélög gegna mikilvægu hlutverki í mótun náms á framhaldsskólastigi. FF leiti til þeirra um breytingar sem varða einstakar námsgreinar og námssvið og haldi með þeim a.m.k. einn fund árlega
- Árlegur fundur með fulltrúum KÍ í starfsgreinaráðum í samráði við stjórn FF

5. *Samstarf við aðra*

- Fylgjast með starfi í ýmsum fagnefndum á vegum félagsins, á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis sem félagið á fulltrúa í og á vegum annarra fagaðila.

6. *Kennaramenntun, símenntun og starfsþróun*

- Þátttaka í starfi Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara og Fagráðs um símenntun.
- Starfa að því að efla símenntun og starfsþróun kennara.
- Vinna að því að starfandi framhaldsskólakennurum gefist kostur á að ljúka meistaranámi.
- Vinna að því að verkmenntakennurum bjóðist aukin menntunartækifæri.
- Skólamálanefnd leggi áherslu á að efla umfjöllun og umræðu um kennarastarfið og skólamál

7. *Erlent samstarf*

- Þátttaka í starfi framhaldskóladeildar NLS.
- Efla þekkingu félagsins á störfum erlendra kennarafélaga og á starfi alþjóðlegra stofnana sem sinna menntamálum og miðla til félagsmanna.
- Fylgjast með skólamálaumræðu í nágrennalöndum.

8. *Áherslumál á þessu kjörtímabili*

- Fylgjast með innleiðingu aðalnámskráa á framhaldsskólastiginu sem eiga að vera að fullu innleiddar haust 2015
- Fylgjast með hvort nemendur hafa hlotið þær réttarbætur sem löggin frá 2008 áttu að færa þeim
- Skoða hvernig ytra mati á framhaldsskólum er háttað
- Skólamálanefnd FF fylgist með áhrifum hvítbókar á umræðu um framhaldsskólastigið og stefnumótun. Málefni: læsi í viðum skilningi, nemendafjöldi í verk- og tæknigreinum og nám og námstími á framhaldsskólastigi.
- Skólamálanefnd FF fylgist með vinnu að nýju vinnumatí fyrir framhaldsskólann.
- Skólamálanefnd FF fylgist með útgáfu námsgagna fyrir framhaldsskóla.